

Borgarráð 10. nóvember 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um byggingarkostnað og söluverð hjá Þorpinu í Gufunesi MSS22110086

Fulltrúi sósíalista kallar eftir upplýsingum um byggingarkostnað og söluverð á hvern fermeter við framkvæmdir hjá Þorpinu í Gufunesi. Auk þess óskar fulltrúi sósíalista eftir áætluðum byggingarkostnaði og söluverði á hvern fermeter frá Frambúð ehf. vegna verkefnisins HOOS. skrefahúsnæði í Skerjafirði. Það er verið að búa til væntingar hjá íbúum borgarinnar um að þeir hljóti hlutdeild í þeim fjárhagslega ávinningi sem ætla mætti að komi til með byggingu hagkvæms húsnæðis. Í ljósi þess er mikilvægt að fá upplýsingar um hlutfall kostnaðar og söluverðs, öðruvísi verður ekki hægt að dæma um hvort hagkvæmnin skili sér til neytenda og hafi áhrif til jafnvægis í verðmyndun á húsnæðismarkaði.